

Ár, 2008, föstudaginn 5. september er haldið dómþing í dómstól ÍSÍ af Halldóri Frímannssyni

Fyrir er tekið:
Mál nr. 5/2008
Suphit Donkanha
gegn
Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Dómstól ÍSÍ hefur borist kæra, dags. 13. ágúst 2008, frá Suphit Donkanha, kt. 08016-2069, þar sem hún kærir framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Rót þess ágreinings sem mál þetta fjallar um hefur áður fengið formlega og efnislega meðferð hjá dómstóli ÍSÍ með úrskurði nr. 6/2001. Þar gafst kæranda kostur á að hafa uppi kröfur gegn þeim aðilum sem hann telur aðila máls og verður þetta mál þess vegna ekki tekið fyrir aftur hjá dómstólnum.

Auk þess er kærufrestur löngu liðinn, sbr. 24. gr. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Þetta tilkynnist hér með og er málinu vísað frá domi.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá domi.

Halldór Frímannsson (sign)
dómari